

Skólaráðsfundur 31. jan. 2019

Mættir: Anna Brynja Agnarsdóttir, Patrick Gabriel Bors, Björk Óladóttir, Jón Garðar Steingrímsson, Erla Gunnlaugsdóttir, Ása Björk Stefánsdóttir, Halla Óladóttir, Sigríður Salmansdóttir.

Ritun fundagerðar: Ása Björk Stefánsdóttir.

Skólapúlsinn. Erla fór yfir niðurstöður skólapúlsins. Staldræð var við niðurstöður er varða áhuga og árangur í náttúrufræði. Umræður um námsefni og leiðir. Einnig var áhugi og ábyrgð nemenda á eigin námi rædd. Unglingastigið kemur ekki vel út þegar kemur að líðan í skóla. Rætt um uppbyggingu nemenda og þá sérstaklega að stelpur í unglingadeild hafi fengið stelpunámskeið en lítið gert fyrir stráka. Erla og Ása bentu á að það verði að vanda fyrirlagningu könnunar og einnig að gera nemendum ljóst að svör þeirra skipti máli. Allir sammála um að skólinn þurfi að taka mark á niðurstöðum og bæta sig. Horft til þess að vinna með ráðgjafafyrirtækinu Tröppu komi til með að hjálpa mikið í starfi framundan.

Niðurstöður samræmdra prófa. Erla fór yfir niðurstöður samræmdra prófa og ræddi stöðu Grunnskóla Fjallabyggðar í samræmi við landsniðurstöður. Viðhorf nemenda, kennara og forleðra rædd sem og gildi samræmdra prófa. Fólk sammála um að mælitæki þurfi að vera til staðar en það þurfi að vera í samræmi við námskrá og vinnubrögð skóla.

Jafnréttisáætlun. Ása kynnti jafnréttisáætlun. Rætt um sveigjanlegan vinnutíma kennara.

Fleira ekki rætt og fundi slitð.

Ása Björk Stefánsdóttir